The Dominion Bank

HORNI NOTRE DAME AVE. OG SHERBROOKE ST.

Höfuðstóll uppb. ..... $ 6,000,000
Varasjóður ..... $ 7,000,000
Allar eignir $76,000,000

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunarmanna og ábyrgjumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta, sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun, sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging fyrir sjálfa yður, konur yðar og börn.

W. M. HAMILTON, Ráðsmaður
PHONE GARRY 3450

Annar var Champ Clark ríkisstjóri frá Missouri, og hafði hann stuðning Tammanyfélagsins frá New York, er átti marga fulltrúa á fundinum, en hinn var Harmon ríkisstjóri frá Ohio. Það kom þó fljótt í ljós, að baráttan mundi standa milli þeirra Clarks og Wilsons. Fyrsti mælikvarðinn á fylgi frambjóðendanna var það, hve mörg og langvinn húrraóp fylgdu tilkynningunum um framboð hvers um sig. Þegar tilkynt var, að Clark yrði í kjöri, æptu fylgismenn hans gleðióp í samfleytt einn klukkutíma og 5 mínútur, en fylgismenn Wilsons gerðu enn betur, er tilkynning kom um, að hann yrði í kjöri, og æptu látlaust í einn kl.tíma og 15 mínútur. Þegar til atkvæðagreiðslunnar kom sigraði Clark samt sem áður við fyrstu tilraun. Hann fékk 440 atkv., en Wilson 324. En kosningin er ekki gild fyr en einhver frambjóðenda fær tvo þriðju atkvæða, svo að kjósa varð á ný, og svo upp aftur og aftur. Atkvæðagreiðslan stóð yfir í 4 daga, og var kosið alls 46 sinnum. Þá náði Wilson loks tveim þriðju atkvæða, og hafði atkvæðatala hans verið að smá stíga. Var það mikið þakkað atfylgi W. J. Bryans hins gamla foringja Demókrataflokksins. Eftir þessa atkvæðagreiðslu var Wilson orðinn forsetaefni Demókrata, og nú voru þeir, sem þar höfðu staðið á móti honum, allir orðnir hans fylgismenn. Við forsetakosninguna fékk hann síðan meira fylgi en nokkur Bandaríkjaforseti hefir náð síðan Washington var þar í kjöri. Wilson fékk 435 atkv., Roosevelt 88 og Taft 8.

4. marz 1913 fluttist Wilson inn í "Hvíta húsið", sambandsforsetabústaðinn í Washington. Dómsforseti hæstaréttar Bandaríkjanna setur ríkisforsetann inn í embættið, og fer sú athöfn fram undir berum himni.. Venjan er, að um kvöldið sé danssamkoma hjá hinum nýja forseta. En Wilson braut þá venju og auglýsti, að ekkert yrði úr danssamkomunni. Vakti það óánægju sumstaðar, en aðrir létu vel yfir. Ástæðan til þess að venjan var brotin, var sú, að við síðustu forsetaskifti hafði orðið svo mikið kapp um, að ná í aðgöngumiða að danssamkomunni, að út úr því urðu óspektir og illindi.

Stefnuskrá sú, er Wilson hafði birt, var í 10 liðum, og var þar efst á blaði rýmkun tollverndunarinnar. I byrjun valdatíma síns átti Wilson í þjarki út af því máli, og hafði þar, að minsta kosti að nokkru leyti, sínar tillögur fram gegn auðfélögunum. Síðan varð hann að beina athygli sinni meira út á við. Fyrst gegn Mexíkó. Þar komst Huerta til valda, eftir að hafa drepið Madero, og fékk viðurkenningu ýmsra Evrópuríkja, þar á meðal Englands. Amerískir fésýslumenn áttu mikið í ýmsum fyrirtækjum í Mexíkó og voru hræddir um það fé í þeim róstum, sem þá gengu á út af valdabardaganum. Vildu þeir láta stjórn Bandaríkjanna viðurkenna yfirráð Huerta og reyna á þann hátt að sefa óeirðirnar. En Wilson kvað ekki nærri því komandi, að morðinginn fengi viðurkenningu hjá sér. Fésýslumennirnir heimtuðu þá af honum, að Bandaríkin segðu Mexíkó stríð á hendur, en það vildi Wilson ekki heldur, og gekk í mesta þófi um þetta lengi, en svo hefir jafnast úr deilunni smátt og smátt. I byrjun heimsófriðarins þótti Wilson vera hikandi og afstaða hans óljós. Hans hugsun var þá, að Bandaríkin ættu að halda sér utan við stríðið og verða sátasemjarinn, þegar til þess kæmi. En síðan urðu Bandaríkn sá ófriðaraðilinn, sem baggamuninn réð, eins og kunnugt er.

(Lögrétta.)

Radium stofnunin.

Þegar Gunnlaugur læknir Claessen hóf máls á því í Isafold 1918, hver nauðsyn væri á að koma hér upp radium-lækningum, var tillögum hans svo vel tekið, að sjaldan hafa nýjungar fengið betri viðtökur. Oddfellows gengust fyrir samskotum til radiumkaupa og safnaðist mikið fé á skömmum tíma. Til frekari framkvæmda gat þó ekki komið meðan styrjöldin stóð, en í árslok 1918 fór Gunnl. Claessen til útlandi í því skyni að fá radium og öll nauðsynleg tæki til radium-lækninga, og er nú heim kominn, sem kunnugt er.

Fréttaritari Vísis hafði tal af honum í gær, og fer hér á eftir hið helzta, sem hann sagði.

"Eg fór héðan á gamlársdag," sagði læknirinn, "og þá beint til Stokkhólms og dvaldist þar 3 mánuði og kynti mér radiumlækningar og Röntgenlækningar, aðallega hjá prófessor Forsell, mesta ágætismanni, sem eg var kunnugur frá fyrri veru minni í Stokkhólmi."

— "Hvernig geðjast yður að Svíum?"

"Ágætlega, í einu orði sagt. Það getur engum geðjast öðruvísi að þeim. Kurteisi þeirra og alúð er alveg einstæð. Auk þess varð eg alstaðar var við, hvað Svíar eru velviljaðir og hliðhollir Íslendingum, og hafa áhuga á velferð Íslands, eins og sýnir sig t. d. í ritum Ragnars Lundborg, sem allir Íslendingar þekkja. En eg gæti nefnt marga fleiri. Einn þeirra er Helge Wedin, sem mun fyrstur hafa vakið máls á því að Svíar sendu hingað ræðismann, sem vonandi ekki verður langt að bíða. Wedin skrifaði um viðskifti Svíþjóðar og Íslands og vann ósleitilega að því, að gerðar yrðu tilraunir til að koma á viðskiftasambandi milli Íslands og Svíþjóðar."

"Hvert fóruð þér frá Stokkhólmi?"

Þaðan fór eg til London, og var þar tæpa tvo mánuði á radium- og Röntgen-spítölum, nema eg fór snögga ferð til Manchester, því að þar er mjög merkileg radiumstofnun. I London var mesti fjöldi herlækna, víðsvegar að úr nýlendum Breta, og úr Bandaríkjunum, skemtilegir menn, sem mér þótti gaman að kynnast."

"Hvar hafið þér keypt þetta radium, sem þér komuð með?"

"I London. En þangað er það komið frá Ameríku, en áður, fyrir ófriðinn, kom það einkum frá Austurríki. Eg held við höfum komist að tiltölulega góðum kaupum. Eg býst við, að þetta radium kosti milli 80—90 þúsundir króna. Það hafa verið miklir örðugleikar á að fá það upp á síðkastið, bæði vegna þess, að notkun þess til lækninga er altaf að aukast, og svo var það mikið notað til hernaðar. Það er líka erfitt að fá búið um það, fá því komið fyrir í verkfærunum, sem notuð eru við lækningarnar."

"Hvað er þetta radium mikið, sem þér hafið keypt, og er það alt komið hingað?"

"Það er ekki mikið að vöxtum; það er ekki selt í tonnatali eða hestburðum! Radiumsjóður Íslands hefir keypt 220 milligröm, og um tveir þriðju hlutar þess eru komnir hingað, og því hefir verið komið fyrir í lækningatækjunum."

"Er þess þá ekki langt að bíða, að þér getið tekið til starfa?"

"Nei, eg býst við það geti orðið í júnímánuði. Húsnæði er fengið hjá Nathan & Olsen, og þar verður tækjunum komið fyrir. Eg hefi fengið nægileg áhöld til fullkominna radium-lækninga fyrst um sinn."

"Og radium endist vel?"

"Já, ágætlega! Eðlisfræðingum reiknast svo til, að það muni ekki eyðast nema um helming á 1800 árum."

"Hvaða sjúkdómar eru helzt læknaðir með radium?"

"Þeir eru margskonar, en einkanlega má lækna með því valbrá, suma hörundskvilla, sumar tegundir krabbameina og kvensjúkdóma."

Talið berst nú að öðru, og eg spyr meðal annars:

Hittuð þér enga Íslendinga í London?"

"Jú, nokkra. Fyrst og fremst Björn Sigurðsson, sem þar er athvarf allra Íslendinga, og var okkur ómetanleg stoð og stytta við radium-kaupin, sem hann annaðist. Líka hitti eg dr. Jón Stefánsson og Harald Hamar (Thorsteinsson)."

"Og hvað segið þér mér af honum?"

"Alt hið bezta. Hann er leikritahöfundur og skrifar á ensku. Hann starfar við "The Lyric Theatre", og þar sá eg hann leika

(Framh. á 8. bls.)



Gigt, Liðagigt, Blóðóhreinindi

læknast svo að segja á svipstundu, með því að nota **Sal Manitou** heilsusaltið fræga, sem unnið er úr **Little Lake Manitou** vatninu, sem fæst í tveimur tegundum **Plain** og **Effervescent**, þér getið fengið hvora tegundina sem vera vill, báðar eru blandaðar með þrúgna eða ávaxta salti, sérlega aðlaðandi á bragðið. Hin fyrri er sterkari og dýrari, en sú síðarnefnda ljúffengari.

Hin óviðjafnanlegu gæði Sal Manitou

er viðurkend af efnafræðingum, læknum og öllum neytendum. Það er vísindunum að þekka að hvert heimili getur orðið þessara meðala aðnjótandi. Indíánar fyr á tímum og hinir hvítu menn þann dag í dag, hafa læknast á einni eða tveimur vikum með því að teiga töfraveigar þessa merkilega vatns. Og nú getið þér orðið hins sama aðnjótandi í heimahúsum. — Fæst í öllum lyfja og matvörubúðum.

Standard Remedies Limited, Winnipeg, Man.

EIMREIÐIN.

1. hefti af 24. árg. nýkomið. Efni:
Dr. Valtýr Guðmundsson (með mynd).
Magnús Jónsson: Skifting láðs og lagar.
Guðm. K. Ólafsson: Úr köldum sjelni (kvæði).
Hulda: Aðalbláber (saga).
Aðalst. Sigmundsson: Smákvæði.
Magnús Jónsson: Töfratrú og galdrarannsóknir.
Ríkarður Jónsson og Guðm. Thorsteinsson: Myndir.
Guðm. Jónsson: Lausavísur.
Jóh. Friðlaugsson: Ljósið (saga).
Obstfelder, S.: Þjóðvísa.
Eimreiðin hefir húsbændaskift (vísa).
Guida: Freskó (saga).
Ritsjá.

Eg hefi nú tekið við útsölu á Eimreiðinni. Látið ekki hjá líða að gerast áskrifendur hjá mér, eða útsölumönnum mínum. — Árg., 4. hefti, $1.60.

Finnur Johnson,
698 Sargent Ave., Winnipeg.

Rjómi keyptur undireins.

Vér kaupum allan þann rjóma, sem vér getum fengið og borgum við móttöku með Express Money Order.

Vér útvegum mjólkurílátin á innkaupsverði, og bjóðum að öllu leyti jafngóð kjör eins og nokkur önnur áreiðanleg félög geta boðið.

Sendið oss rjómann og sannfærist.

Manitoba Creamery Co., Limited.
509 William Ave.' Winnipeg, Manitoba.

ÍSLENDINGADAGURINN
verður haldinn
ÞRIÐJUDAGINN 5 ÁGÚST
í
River Park

Almennur Fundur

verður haldinn
í MARKLAND HALL, af Bændafélaginu S. L. F. I.,
26. Júlí 1919 (kl. 2 e. h.)

Tilefni fundarins er að ræða um Sýningahald á komandi hausti. —

Herra STEFÁN A. BJARNASON búfræðingur hefir góðfúslega lofað að koma á fundinn og flytja ræðu, ef kringumstæður hans leyfðu.

S. ÁRNASON.
Otto, Man., 12. júlí 1919. ritari.

U. S. Tractor.



REAR VIEW

U. S. DRÁTTARVÉLIN verður til sýnis á Íslendingadags hátíðinni að Wynyard, Sask., 2. ágúst n. k., annaðhvort á skemtistaðnum eða rétt utan við hann. Þar verður íslenzkur vélfræðingur, sem sýnir ykkur hvernig hún rennur og góðfúslega svarar öllu, sem þið óskið eftir viðvíkjandi vélinni. Þeir, sem hafa í hyggju að kaupa vél, spara sér mikla peninga með því að panta vélina þá, svo og geti sent þær margar saman í járnbrautarvagni; það komast 5 í einn vagn. Með því að senda þær beint frá verkstæðinu sparar maður 30—35 dollara af flutningsgjaldi á hverja vél, í samanburði við að senda þær eina og eina frá Winnipeg. Gleymið ekki að verðið er bara $815.00, með 12 mánaða ábyrgð.

Óskandi ykkur öllum alíslenzkrar gleðisamkomu.

T. G. Peterson,

961 Sherbrooke St. — Winnipeg.
umboðsmaður í Canada fyrir U. S. Tractor félagið.

Imperial Bank of Canada

STOFNSETTUR 1875.—AÐALSKRIFST.: TORONTO, ONT.

Höfuðstóll uppborgaður: $7,000,000. Varasjóður: $7,500,000
Allar eignir $108,000,000

152 útibú í Dominion of Canada. Sparisjóðsdeild í hverju útibúi, og má byrja Sparisjóðsreikning með því að leggja inn $1.00 eða meira. Vextir eru borgaðir af peningum yðar frá innleggs-degi. Óskað eftir viðskiftum yðar. Ánægjuleg viðskifti uggjaus og ábyrgst.

Útibú Bankans að Gimli og Riverton, Manitoba.

Peoples Specialties Co.,
P. O. Box 1836, Winnipeg

Úrval af afklippum fyrir sængurver o.s.frv.—"Witchcraft" Washing Tablets. Biðjið um verðlista.

Abyggileg Ljós og Aflgjafi.

Vér ábyrgjumst yður varanlega og óslitna

ÞJÓNUSTU.

Vér æskjum virðingarfylst viðskifta jafnt fyrir VERKSMIÐJUR sem HEIMILI. Tala. Main 9580. CONTRACT DEPT. Umboðsmaður vor er reiðubúinn að finna yður að máli og gefa yður kostnaðaráætlun.

Winnipeg Electric Railway Co.
A. W. McLimont, Gen'l Manager.

BORÐVIÐUR SASH, DOORS AND MOULDINGS.

Við höfum fullkomnar birgðir af öllum tegundum
Verðskrá verður send hverjum þeim er þess óskar

THE EMPIRE SASH & DOOR CO., LTD.
Henry Ave. East, Winnipeg, Man., Telephone: Main 2511

Meiri ánœgja ☛ Þér hafið meiri ánægju af blaðinu yðar, ef þér vitið, með sjálfum yður, að þér hafið það fyrirfram. Hvernig standið þér við Heimskringlu?